

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Skúli Eggert Þórðarson ráðuneytisstjóri  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2022

## Efni: Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 ber ráðherra að skipa nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, eins og hún er nefnd í reglugerð 812/1999, var síðast skipuð í maí 2017 og rann skipunartími hennar út 31. maí 2020. Félag atvinnurekenda (FA) hefur átt í nefndinni varamann með seturétt, málfrelsi og tillögurétt, til samræmis við 20. gr. áðurnefndrar reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur.

Allt þar til snemma árs 2020 heyrði nefndin undir forsætisráðuneytið. Samkvæmt upplýsingum sem FA fékk í forsætisráðuneytinu var þá ákveðið, að beiðni þáverandi ráðuneytisstjóra atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, að opinberar eftirlitsreglur skyldu framvegis bera undir það ráðuneyti. Það mun m.a. hafa verið með þeim rökum að ráðuneytið hafði þá beitt sér talsvert fyrir einföldun regluverks og að á þess vegum var á þeim tíma verið að vinna í samkeppnismati á regluverki íslenzkrar ferðaþjónustu og byggingariðnaðar, í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina, OECD.

Eftir að málefni nefndarinnar fluttust til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins var hins vegar enginn fundur haldinn í henni og því virðist eins og áður sagði ekki hafa verið sinnt að skipa í nefndina til samræmis við lög. Samkvæmt forsetaúrskurði sem tók gildi 1. febrúar 2022 ber opinberar eftirlitsreglur nú undir menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga og reglugerðar á ráðgjafarnefndin að sinna mikilvægum verkefnum, sem eru þannig talin upp í reglugerðinni:

1. *Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfsemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála, sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar.*
2. *Veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur.*
3. *Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög nr. 27/1999 og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á.*
4. *Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga nr. 27/1999.*

Að mati FA hefur nefndin sinnt mikilvægu hlutverki og unnið þarft starf. Mikilvægt er að það starf haldi áfram án frekari tafa. Að mati félagsins vantar einnig talsvert upp á að lögnum um opinberar eftirlitsreglur sé fylgt eftir sem skyldi. Þannig hafa ráðherrar, sem málaflokkurinn heyrir undir, árum saman ekki sinnt þeirri skyldu sinni sem 8. gr. laganna leggur á ráðherra, að flytja Alþingi reglulega skýrslu um áhrif laganna, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

FA leggur eindregið til við ráðuneytið að það sinni þeirri lagaskyldu að skipa ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur. Þá óskar félagið eindregið eftir því að eiga áfram aðal- eða varafulltrúa í nefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA